

## Árskýrsla Slökkviliðs Fjallabyggðar 2017.

Árið 2017 var á ýmsan hátt sérstakt hvað reksturinn viðkemur, sérstaklega eftir að drögin fjárhagsáætlun fyrir 2017 var skorin niður mjög verklega, við gerð Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar.

Pannig að við gerð fjárhagsáætlunar 2018 í lok ársins var vitnað í Framkvæmdaáætlun sem fylgdi Brunavarnaáætlun Fjallabyggðar 2015-2019, og farið yfir hvernig staða þeirra þátta sem þar voru tilgreindir.

En þegar þegar Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar fyrir 2018 birtist, þá hafði verið aukið töluvert fjármagn til Slökkviliðsins, þannig að hægt var að fjárfesta í Mannskaps og tækja bíl fyrir Siglufjörð og einnig búnaðar kaupa.

Liðsmenn slökkviliðsins eru farnir að vera í eldri kantinum þannig að það fer að koma að endurnýjun liðsins og þá samhliða að mennta þá nýliða sem koma inn. Töluberð þörf er á endurmentun fyrir slökkviliðsmennina en hún er ekki í boði hjá Brunamálaskólanum.

Æfingar hafa verið með færra móti en samstarf og samvinna í viðureign við eld í Bjórverksmiðjunni skilaði sér sem mjög góð æfing aukalega.

Allir slökkviliðsmenn fara árlega í læknisskoðun og auk þess fara reykkafarar í þrekpróf en þetta er samkv.reglugerð útgefinni af MVS.

Öll reykköfunartæki þarf að senda í yfirferð þjónustuaðila annað hvert ár og loftpressur til áfyllingar loftkúta þarf að yfirsara og loftgæðamæla árlega.

Á haustdögum komu starfsmenn frá MVS og gerðu úttekt á slökkviliðinu og búnaði því tengdu og er niðurstöðu þeirra frá úttektinni að vænta bráðlega. Þeir bentu m.a. búnað sem væri kominn fram yfir líftíma og þyrfti endurnýjunar við.

Útköll Slökkviliðs Fjallabyggðar voru 8 á árinu 2017 og skiptust þau miðað við forgang þannig. 1. Útkall var **F1**.

1. Útkall var **F2**.
4. Útköll voru **F3**.
2. Útköll voru **F4**.


Útköflin voru sem hér segir:

**1201701** Bjórverksmiðjan Segull, báðar vettvangseiningar (Ólö og Sigró) komu að þessu verki og varð verulegt tjón þótt verksmiðjan sjálf hafi sloppið óskemmd.

**2201701** Upphreinsun eftir árekstur.

**3201702** Grunur um eld.

**4201702** Grunur um eld.



## Fjallabyggð

**5201702** Vatnsthjón.

**6201701** Dæling úr skolpbrunni við Eyrarflöt.

**7201701** Dæling úr skolpbrunni neðan Aðalgötu.

**8201702** Umferðarslys í Héðinsfjarðargöngum.

Forvarnastarf er einn af grunnþáttum slökkviliðsins og verður mikilvægi hans seint metið að verðleikum en starfið er unnið með íbúum Fjallabyggðar og einnig brotinn upp með nemendum og kennurum skólastofnana með rýminga-æfingum og heimsóknum á slökkvistöðvarnar þar sem gestir eru fræddir um eld og eldvarnir.

Eldvarnaeftirlit var með venjubundnum hætti þ.e. brunavarnaskoðanir og umsagnir til sýslumanns. Þess ber að geta að engar umsagnir til sýslumanns eru gefnar nema að undangenginni brunavarnaskoðun.

Yfirlit yfir skoðanir eru á fylgiblaði með skýrslunni.

Jarðgöngin í Fjallabyggð eru þrjú og eru tölувert í umræðunni. Þegar í upphafi við gerð Héðinsfjarðarganga var sett fram sú krafa að útvarpssendingar næðust í göngunum. Og var þetta sett í Brunavarnaáætlun Fjallabyggðar á þeim tíma en ekkert hesur gengið til þessa. Á fundi með Vegagerðinni og ALMEY í nóvember kom skýrt fram að Vegagerðin hannaði sín göng eftir Norskum stöðlum og okkur áskotnaðist eintak af þeim eftir fundinn og við yfirlestur á kafla sem ber nafnið“ 4. Sikkerhetstiltak“ að það sé krafa um að útvarpssendar séu settir í bæði ný og gömul göng sem eru lengri en 500 metrar.

Þannig að ALMEY hesur nú þegar skrifsað yfirstjórn Vegagerðarinnar um þessar reglugerðir sem þeir vinna eftir og hvernig gangi að efna þau verk.

Almannavarnáþátturinn er að hluta hjá stjórnendum slökkviliðsins og hefur slökkvliðstjóri umsjón með því hlutverki í Fjallabyggð.

Lögreglan á Eyjaþarsvæðinu hesur verið í góðu sambandi og samstarfi við Slökkvilið Fjallabyggðar vegna almannavarna og annara starfa á svæðinu.

Fjallabyggð 6.2.2018.

Ámundi Gunnarsson  
Slökkviliðsstjóri Fjallabyggðar.

